

1873.

31. oktbr.

88. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á árinu frá

1. janúarmánaðar til 31. desembermánaðar 1874,

staðfest af konungi 31. dag októbermánaðar 1873.

(á Íslenzku og Dönsku).

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sérlegu hylli!

Vér veitum þér hér með allramildilegast vald til, ásamt með konungsbræfi þessu, að láta kunngjöra almenningi áætlun þá, sem hér með fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á árinu frá 1. janúarmánaðar til 31. desembermánaðar 1874, sem gjörð er í dómsmálastjórn Vorri, og sem Vér allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þér þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á höll Vorri Bernstorff, 31. dag októbermánaðar 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. S. Klein.

Til

dómsmálaráðgjafa Vors.

Áætlun

um

tekjur og útgjöld Íslands á árinu 1874.

Fyrsti kapítuli.

Tekjur.

1. grein.

Á árinu 1874 er ætlað til að tekjur Íslands sé 106,393 rd. 6 sk., en þetta fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

2. grein.

Þær tekjur, sem hér skulu taldar, er ætlað að nemi 52,129 rd. 6 sk. :

	rd.	sk.	1873.
1. erfðafjárskattur og gjald af fasteignasölum . .	1,570.		31. oktbr.
2. gjöld fyrir leyfisbréf og veitingabréf	400.		
3. nafnbótaskattur	180.		
4. tekjur af lénssýslum	2,660.		
5. lögþingisskrifara laun	32.	6	
6. tekjur af umboðssýslugjöldum	936.		
7. konungstundir	3,400.		
8. lögmannstollur og fl.	476.		
9. gjöld af verzlun á Íslandi. 11,700 rd. gjöld af póstgufuskipinu 994 —			
	12,694.		
10. gjald á brennivíni, o. fl. 15,000 rd. að frá dregnum innheimtulaunum, 2 af hundraði 300 —			
	14,700.		
11. tekjur af konungsjörðum. 17,060 — að frá dregnum: umboðslaunum, prestmötu, alþingis- tolti o. fl. 4,660 —			
	12,400.		
12. gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna, og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar seldu eignir enn eru að veði fyrir: a. vextir 175 rd. b. borgun uppí andvirðið 60 —			
	235.		
13. leigugjöld: a. af Lundey 83 rd. b. af brennisteinsnámunum í þing- eyjarsýslu 585 —			
	668.		
14. afgjald af jörðunum Belgsholti og Belgsholts- koti o. fl.	74.		
15. tekjur, er snerta hjálparsjóðinn	1,204.		
16. óvissar tekjur (hær eru taldar með sektir sam- yfir um . . .	51,629.	6	

1873.

31. oktbr.

	rd.	sk.
handan að . . .	51,629.	6
kvæmt hinum almennu hegningarlögum, 25. júni 1869)	500.	
samtals . . .	52,129.	6

3. grein.

Gjöld uppí lán og skyldilán verða talin uppá 5,258 rd.:

	rd.	sk.
1. uppí alþingiskostnað	4,000.	
2. önnur endurgjöld:		
a. uppí skyndilán útaf fjárkláðanum á Íslandi	500 rd.	
b. uppí lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla klausturs	220 —	
c. uppí lán til þess að afstýra hallæri í suður- og vesturumdæmi Íslands	430 —	
d. uppí lán til þess að byggja kirkju á Eyri	108 —	
		1,258.
samtals . . .	5,258.	

4. grein.

Tillag úr ríkissjóðnum samkvæmt lögum um hina stjórnar-
legu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, verður talið 49,006 rd.:

	rd.	sk.
hið fasta tillag	30,000.	
aukatillag	20,000.	
	50,000.	
samkvæmt 6. grein laganna verður dregið frá . . .	994.	
samtals . . .	49,006.	

Annar kapituli.

Útgjöld.

1873.

31. oktbr.

5. grein.

Á árinu 1874 er ætlað á, að útgjöld Íslands verði alls 106,393 rd. 6 sk. samkvæmt þeim gjalda greinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 6.—10. gr.

6. grein.

Útgjöld, eru snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 40,111 rd 64 sk.

	rd.	sk.
A. 1. Laun embættismanna . . .	26,148	32 sk.
2. viðbót, talin samkvæmt lög- um 26. marzm .1870 9. gr.	2,534	—
	28,682.	32
B. Skrifstofuð o. s. frv.	5,000.	
C. Tillag til póststjórnarinnar á Íslandi	2,640.	
D. Önnur útgjöld:		
1. þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við lands- yfirréttinn.	500	rd.
2. þóknun handa fyrsta yfirdóm- ara í landsyfirréttinum fyrir að leggja út dómsgjörðir . .	250	—
3. styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi . . .	96	—
4. styrkur til garðaræktar o. s. frv.	300	—
5. — til útbýtingar á lækni- meðölum handa fátæklingum	400	—
6. styrkur handa hinu íslenzka bókmentafélagi, til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi,	400	—
yfir um . . .	1,946	rd.
	36,322.	32

1873.

31. oktbr.

	rd.	sk.
handan að . . .	1,946	rd.
7. styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland	933	— 32 sk.
8. til aðgjörðar á Vestmannaeyja kirkju	800	—
9. til viðhalds á yfirrættarstof- unni, áhalda og fl.	110	—
		3,789. 32
samtals . . .	40,111	64.

7. grein.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórna, eru talin
27,090 rd. 72 sk.:

	rd.	sk.
A. 1. Laun embættismanna	13,700	rd.
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr.	1,858	—
		15,558.
B. 1. fyrir umsjón við hinn lærða skóla	300	rd.
2. aðstoðarfé	800	—
3. viðbót eftir kornverði	160	—
		1,260.
C. Önnur útgjöld:		
I. Í þarfir andlegu stéttarinnar:		
1. til fátækustu brauða	318	rd. 72 sk.
2. — nokkurra brauða í fyr- veranda Hóla stípti	300	—
3. — prestsekkna og barna	400	—
4. styrkur handa fátækum upp- gjafaprestum og prests- ekkjum	500	—
5. skrifstofufé handa biskupi	400	—
		1,918. 72
yfir um . . .	18,736.	72

	rd.	sk.	1873.
handan að . . .	18,736.	72	31. oktbr.
II. Í þarfir prestaskólans og hins lærða skóla: til prestaskólans:			
1. húsaleiga handa 18 lærisveinum við prestaskólann, 40 rd. handa hverjum	720	rd.	
2. til bókakaupa	150	—	
3. — tímakennslu	100	—	
4. — eldiviðar og ljósa og fl.	100	—	
5. ýmisleg útgjöld	100	—	
til hins lærða skóla:			
6. til bókakaupa	300	—	
7. — eldiviðar og ljósa	800	—	
8. — skólahússins utanstokks og innan	700	—	
9. — tímakennslu	530	—	
10. ölmusur	4,000	—	
11. fyrir að semja reikninga skólans .	100	—	
12. — skrifstörf og útreikninga . . .	100	—	
13. — prestsverk	24	—	
14. — þóknun handa lækni	30	—	
15. ýmisleg útgjöld	600	—	
	8,354.		
samtals . . .	27,090.	72	

8. grein.

Eptirlaun eru talin 11,000 rd.

9. grein.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 4,000 rd.

10. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 24,190 rd. 62 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.

Tíð. um stjórnarmál. III.

1873.

31. oktbr.

Af honum verður veitt lán handa jafnaðarsjóðum amtanna, til þess að byggja þar fangelsi.

6. nóvbr.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að vatnsveitingamaður verði sendur til suðuramtsins.¹

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hlutadeigandi amtmaður hefir mælt fram með, og þar sem bústjórnarfélag suðuramtsins hefir farið þess á leit, að hlutazt verði til um, að fèlagið geti á sumri komanda gefið þeim bændum, sem kunna að æskja þess, kost á, að fá leiðbeining og hjálp til vatnsveitinga, og að gjörðar verði í þessu skyni ráðstafanir til, að fá reyndan vatnsveitingamann frá Danmörku til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af í tæðu amti, þar sem fèlagið tiltekur, hafið þær herra landshöfðingi, í bréfi 2. septbr. þ. á, lýst því yfir, að þær værið fús til að verja 125—150 rd. af því fè, sem yður er fengið til umráða, til þess að styrkja fyrnefnt fyrirtæki, með því skilyrði, að hið konunglega danska landbústjórnarfélag væri fíaanlegt til að leggja jafnmikinn styrk til, og hafið þær mælt til, að dómsmálastjórnin vildi fara fram á þetta við nefnt fèlag.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við hið konunglega landbústjórnarfélag, hefir fèlagið látið í ljósi, að það væri fúst á, að leggja nokkuð fram til að efla vatnsveitingar á Íslandi á líkan hátt og áður, og veita allt að því 125 rd. fyrir það ár, sem í hönd fer, til þess að fá danskan vatnsveitingamann til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af í suðuramtinu og ferðast þar um eptir því, sem bústjórnarfélag amtsins segir honum fyrir, en það verður að heimta af bændum þeim, sem vilja nota aðstoð vatnsveitingamannsins, að þeir láti

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, II, 616.